Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir	**Sk.st.**	ÁBE

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína í lestri og ritun og leggi góðan grunn að daglegri notkun tungumálsins. Tvær vikulangar hraðlestrarlotur eru á önninni þar sem nemendum eru kenndar aðferðir til að auka lestrarhraða sinn. Auk þess munu þeir lesa nokkrar smásögur og stuttar fræðigreinar og vinna með efnið með ýmsum hætti. Samhliða þessu verður unnið að því að efla orðaforða þeirra og skilning á ýmsum orðtökum og málsháttum. Nemendur munu æfast í að skrifa texta af ýmsu tagi, auk þess sem algengasta myndmál og stílbrögð ljóða verða kynnt með hliðsjón af dægurlagatextum. Þá munu nemendur fá tækifæri til að flytja eigin texta, ýmist einir eða í hópi með samnemendum sínum.

Markmið:
Að nemandi:
– auki leshraða og lesskilning sinn
– æfist í ritun fjölbreyttra texta
– geti aflað sér upplýsinga fyrir verkefnavinnu
– geti beitt gagnrýnni hugsun og fært rök fyrir skoðun sinni
– fái aukinn orðaforða og málskilning
– geti kynnt verkefni sín munnlega fyrir hópnum
– þekki algengasta myndmál og stílbrögð ljóða

Áætlun um yfirferð:

1. lota

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
35 *25.8. – 29.8.*	Kynning á áfanganum, hópefli og staða nemenda könnuð. Ýmis verkefni sem taka mið af því að nemendur getur vantað í kennslustund vegna nýnemaferða. (3)	Nemendur skrifa kynningu á sjálfum sér og skila kennara. Vinna nemenda metin
36 *1.9.- 5.9.*	Nemendur lesa 3 texta bls. 75-78 í leshefti, vinna verkefni og skrifa endursögn úr hverjum fyrir sig. **Fimmtudagstími fellur niður vegna nýnemahátíðar sem hefst kl. 13.** (2)	Verkefni við lestexta Ritun Vinna nemenda metin

37 *8.9.-* *12.9.*	Hraðlestur. Námsefni: *Lestu betur* eftir Fjölni Ásbjörnsson og Guðna Kolbeinsson. Unnin verða verkefni sem ætlað er að þjálfa nemendur í ýmiss konar lestri. (3)	Vinna nemenda metin
38 *15.9.-* *19.9.*	*Rúnum ristur kambur* bls. 79 í leshefti, *Í draumi sérhvers manns* bls. 31-36 + verkefni og samnefnd stuttmynd. Upplestur. Ritunarverkefni: Upphaf gefið. (3)	Spurningar Ritun Vinna nemenda metin
39 *22.9.-* *26.9.*	Unnið með texta lagsins *Valhöll* með Skálmöld: Orðaforði, ritun, upplýsingaleit í tölvu. Les-skilningsverkefni. Ritunarverkefni ef tími gefst. (3)	Ritun Vinna nemenda metin Lesskilningsverkefni
40 *29.9.-* *3.10.*	Horft á teiknimyndina *Hetjur Valhallar – Þór*, verkefni unnið samhliða. Stutt ritunarverkefni í tengslum við myndina. Nafnaverkefni bls. 72-73 í leshefti, tölvustofa. (3)	Spurningar Ritun Vinna nemenda metin
41 *6.10.-* *10.10.*	*Risafuglar* bls. 83-87 – hópvinna, lesa texta og útbúa spurningar fyrir spurningakeppni. Ritunarverkefni: Upphaf gefið. (3)	Skil á fyrri vinnumöppu 6. okt. Vinna nemenda metin **Miðannarmat**
42 13.10.- 17.10	Hraðlestur. Námsefni: *Lestu betur* eftir Fjölni Ásbjörnsson og Guðna Kolbeinsson. Unnin verða verkefni sem ætlað er að þjálfa nemendur í ýmiss konar lestri.(3)	Vinna nemenda metin
43 20.10- 24.10	Málshátta- og orðtakaverkefni, tölvustofa. Ritunarverkefni: Dæmisaga byggð á tilteknum málshætti/orðtaki. (3)	Verkefni Vinna nemenda metin
44 27.10- 31.10	**Mánudagstími fellur niður vegna afmælis Ketils flatnefs.** Smásögurnar *Einhelti* bls. 54-60 og Dundi bls. 61-71í leshefti lesnar og tilheyrandi verkefni unnin. Ritunarverkefni ef tími gefst til. (2)	Efnisspurningar Ritun Vinna nemenda metin
45 3.11- 7.11	*1000 orða virði* bls. 25-34 í leshefti. Unnið með hana með ýmsum hætti. Farið í algengt myndmál og stílbrögð ljóða og verkefni bls. 45-53 unnin. Ritunarverkefni ef tími gefst til. (3)	Verkefni Ritun Vinna nemenda metin

46 10.11- 14.11	Kvikmyndin *Sódóma Reykjavík* sýnd og ýmis verkefni unnin í tengslum við hana. Lesskilningsverkefni. Ritunarverkefni ef tími gefst til. (3)	Verkefni af ýmsu tagi með kvikmynd Lesskilningsverkefni Ritun Vinna nemenda metin
47 17.11- 21.11	Dagur íslenskrar tungu 16. nóv. Einkalíf útgáfa 2.0 bls. 88-93 – hópvinna, lesa texta og útbúa spurningar fyrir spurningakeppni. (3) Nemendur þurfa að raða sér í hópa og velja sér efni fyrir vinnu næstu viku. (3)	Vinna nemenda metin
48-49 24.11- 2.12	Hópverkefni. Nemendur vinna 2-3 saman og kynna sér tiltekið efni að eigin vali. Þeir útbúa síðan kynningu sem þeir flytja fyrir samnemendur sína og nýta til þess t.d. glærur, veggspjöld, bækling eða annað í þeim dúr. (5)	Kynning hópverkefnis Skil á seinni vinnumöppu 2. des.

Tegund	**Námsgögn**
Hefti	***Íslenska 193 – Verkefnahefti*** (fæst á skrifstofu VMA) ***Lestu betur*** (nemendur þurfa ekki að kaupa bókina)

Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur **fá nemendur annað hvort S (staðið) eða F (fall) í lok annar**. Þeir nemendur sem ekki ljúka áfanganum með tilskildum árangri fá einkunn á kvarðanum 1-4. **Námsmat byggist á virkni, sjálfstæði og vinnuframlagi. Á önninni vinna nemendur verkefni af ýmsum toga, ýmist einir eða í samvinnu við aðra, og skila tveimur vinnumöppum. Sérstakt matsblað verður notað til að halda utan um virkni nemenda í tímum.**

Þegar nemendur hafa lokið áfanganum þurfa þeir undantekningarlaust að fara í ÍSL 293 áður en þeir halda áfram í ÍSL 102.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**